



# Áfram Árneshreppur!

Ársskýrsla 2021

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Meginniðurstöður .....	3
Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum .....	4
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn .....	5
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat .....	6
Yfirlit yfir styrkt verkefni .....	9
Fundir .....	10
Hugleiðingar verkefnisstjóra .....	11

## Inngangur

Árneshreppur var tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir árið 2018. Haldið var tveggja daga íbúabing 12. og 13. júní 2017 og var þar samþykkt að sveitarfélagið yrði þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir frá og með áramótum 2017/18. Á íbúabinginu voru sett markmið og gerð áætlun um fyrstu skref. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri markmiðasetningu í höfuðdráttum en einnig hefur verið brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum. Íbúum hefur fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúafjöldinn varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundrað í hreppnum, en 42 voru með lögheimili í hreppnum 1. janúar 2021.

## Meginniðurstöður

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan. Innviðauppbýgging í sveitarfélaginu skyldi hafa algjöran forgang. Fundurinn veitti leyfi til þess að nýta það fjármagn sem ætlað væri til styrkveitingar í innviðauppbýggingu, en til þess kom þó ekki.

Á árinu 2021 ávannst töluvert í uppbýggingu innviða. Styrkur fékkst úr Fjarskiptasjóði til að leggja ljósleiðara í Árneshrepp alla leið í Norðurfjörð. Ætlast var til þess að það verk yrði unnið samhliða lagningu Orkubús Vestfjarða á þriggja fasa rafstreng í jörðu. Það verk var hafið og náðist að klára lagningu rafstrengs og tengja hann við spennistöð í Djúpavík. Samhliða var lagt rör fyrir ljósleiðara og á aðeins eftir að blása strengnum í rörið til að ljósleiðarinn sé kominn í Djúpavík. Undirbúningur er hafinn að tengingu við velflest hús í Djúpavík en nokkur óvissa er um áframhald á verkefninu þaðan og í Trékyllisvík og Norðurfjörð. Vonandi nær Orkubú Vestfjarða að útvega fjármagn til að verkefnið geti haldið áfram og þrífösun og ljósleiðaravæðingu Árneshrepps verði lokið áður en verkefnistíma lýkur í árslok 2022.

Sama dag og þriggja fasa rafmagn var tengt í Djúpavík var tilkynnt að samþykkt hefði verið að fara af stað með tilraunaverkefni sem felst í því að moka veginn tvisvar í viku yfir það tímabil sem áður hafði verið án vetrarþjónustu. Þessi tilkynning lagðist vel í íbúa Árneshrepps og má segja að það hafi verið bjartara yfir fólki í árslok 2021 en oft áður. Tilraunaverkefnið er að vísu aðeins til eins árs, en vonir standa til þess að í framhaldinu verði einangrun Árneshrepps rofin með því að viðhalda snjómokstri til jafns við önnur sveitarfélög á landinu.

## Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.

Svo sem sjá má á undirmerkiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúana sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Áfram Árneshreppur er staðan vistuð hjá Vestfjarðarstofu. Verkefnisstjórn verkefnisins Áfram Árneshreppur skipuðu árið 2021

- Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa, formaður.
- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa
- Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi íbúa
- Lína Björg Tryggvadóttir, Vestfjarðastofa. Lína lét af störfum 1. desember. Í stað hennar kemur:
- Agnes Arnardóttir, Vestfjarðastofu

Verkefnisstjórn hefur stutt vel við störf verkefnisstjóra og hefur samstarfið verið með miklum ágætum. Þar munar mest um opna, hreinskiptna umræðu og gott aðgengi verkefnisstjóra að verkefnisstjórn.



1 Drangaskörð

## Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat

Nokkuð hefur verið sveigt frá mörgum þáttum í upphaflegri markmiðasetningu í samræmi við ákvörðun íbúafundar 2020. Það skýrir minni framgang en ella væri í mörgum þeirra mála sem voru á upphaflegu markmiðaaætluninni.

Meginmarkmið 1 - Traustur landbúnaður og sjávarútvegur						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Nýliðun í landbúnaði						Í vinnslu er greinargerð með tillögum til landbúnaðarráðherra sem verður lögð fram með samþykki Landssamtaka sauðfjárbænda.
Styrking sauðfjárræktar						Í greinargerð til landbúnaðarráðherra er lögð áhersla á nýliðun.
Veiðiheimildir út frá sérstöðu sveitarfélagsins						Í vinnslu er greinargerð til sjávarútvegsráðherra með tillögum um nýja tilhögun í úthlutun kvóta.
Auka framlegð strandveiða til samfélagsins						Vandséð er hvernig hægt er að auka framlegð þeirra strandveiðisjómana sem róa frá Norðurfjarðarhöfn.
Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eflt						Nokkur verkefni eru í farvatninu sem fela í sér nýsköpun, m.a. húsasmíði, jóga, afþreyingu og íþróttaaðstöðu.
Meginmarkmið 2 - Einstakt menningarlandslag og náttúra						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Bæta innviði fyrir ferðaþjónustuna						Stofnuð hafa verið Ferðamálasamtök Árneshrepps. Þau fóru í markaðssetningarátak heppnaðist vel.
Merking handverks og iðnaðar						Verkefnið hlaut lítinn hljómgrunn, hefur lítið verið fylgt eftir. Svipað verkefni er í gangi í Strandabyggð þar sem gert er ráð fyrir sameiginlegum merkingum fyrir allar Strandir.
Þróun minjagripa						Verkefnið hlaut ekki hljómgrunn og hefur lítið verið fylgt eftir.
Efling ferðaþjónustu						Stofnuð voru Ferðamálasamtök Árneshrepps sem hafa staðið fyrir markaðssetningarátaki og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa hlotið styrki til nýsköpunar og fjölgunar afþreyingarmöguleika.
Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað						Þetta verkefni hefur ekki náð flugi.
Gera fornar minjar sýnilegri						Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um verkefni í Kúvíkum. Talsverðar rannsóknir og kortlagning hafa farið fram.

Merkingar og aðstaða við höfnina í Norðurfirði						Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Styrkur fékkst í mars 2021 og hófust framkvæmdir sumarið 2021.
Hitaveita í Norðurfirði						Styrkur fékkst frá Orkusetri til að dæluþróa borholuna og stofna félag um hitaveituna.
Umhverfi gámasvæðis verði bætt						Farið var í heimsókn til allra íbúa í Árneshreppi og sorpmál rædd.
<b>Meginmarkmið 3 - Öflugir innviðir</b>						
<b>Starfsmarkmið</b>	<b>0%</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>75%</b>	<b>100%</b>	<b>Skýringar</b>
Hærri fastur afsláttur af fargjöldum						Skoska leiðin er komin á, en í drögum að greinargerð til samgönguráðherra er lagt til að enn lengra verði gengið.
Bæta samskipti við Vegagerðina						Haldinn var kynningarfundur um lagningu vegar yfir Veiðileysuháls. Á þeim fundi var einnig rætt um framhaldið, sem mun væntanlega felast í vegagerð yfir Naustvíkurskörð. Tilraunaverkefni í eitt ár um færslu úr G-reglu í F-reglu var samþykkt og kemur til framkvæmda í byrjun árs 2022.
Vegagerð yfir Veiðileysuháls						Vonir standa til þess að framkvæmdir verði boðnar út haustið 2022.
Bæta vetrarþjónustu á vegum						Samþykkt var að færa vetrarþjónustu úr G-reglu í F-reglu í tilraunaskyni í eitt ár.
Hefja umræðu um jarðgöng úr Reykjarfirði						Eftir því sem hillir undir að heilsársvegur verði lagður yfir Veiðileysuháls er brýnna að skipuleggja og undirbúa framkvæmdir á kaflanum frá Djúpavík til Norðurfjarðar. Þetta var tekið fyrir á fundi með Vegagerðinni í nóvember 2021, þá með umræðu um vegagerð yfir Naustvíkurskörð.
Samstarf við Orkustofnun um smávirkjanir						Efnt hefur verið til samtals við Orkustofnun. Líkur eru á því að framkvæmdir hefjist við að a.m.k. eina smávirkjun í Árneshreppi á árinu 2022.
Skólastarfi í Finnbogastaðaskóla						Nokkur námskeið hafa verið haldin í Finnbogastaðaskóla.
Betri og jafnari þjónusta læknis						Rætt var við Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem óskaði eftir skýrari beiðni, hvað væri verið að biðja um.
Fjarþjónusta á sviði heilsugæslu						Rætt við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
Lagning ljósleiðara						Styrkur fékkst úr Fjarskiptasjóði til að leggja ljósleiðara í Árneshrepp. Vinna við það hófst á árinu.

Verzlun í Norðurfirði						Verzlunarfjelag Árneshrepps stofnað 2019. Verzlun rekin í Norðurfirði og gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki.
<b>Meginmarkmið 4 - Samheldið samfélag</b>						
<b>Starfsmarkmið</b>	<b>0%</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>75%</b>	<b>100%</b>	<b>Skýringar</b>
Plastpokalaus Árneshreppur						Fyrirtæki í Árneshreppi eru hætt að nota plastpoka.
Hreinsun fjara						Átak í hreinsun fjara við Finnbogastaði 2019. Einkaaðilar hafa líka tekið þetta verkefni upp með aðstoð sjálfbóðaliðasamtaka.
Fræðslu- eða tómstundanámskeið						Erfitt að koma í kring vegna fólksfæðar.
Húsnæðisþörf verði metin						Verið er að kanna möguleika á því hvaða húsnæði er í boði fyrir stafræna flakkara eða störf án staðsetningar.
Kanna möguleika á aðkomu gesta/ferðafólks að göngum						Lítill áhugi hjá bændum, talið að óvanir þurfi það mikla verkstjórn að ekki svari kostnaði.



2 Höfnin í Norðurfirði



## Yfirlit yfir styrkt verkefni

Veitt voru styrkvilyrði til 16 verkefna úr Frumkvæðissjóði.

Alls var úthlutað 8.000.000 kr.

### Íslenska Alpafélagið – Klettaklifur

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk til að bæta öryggisþætti fyrir klettaklifur, en umsækjendur telja aðstaður í Árneshreppi vera með því besta sem gerist á Íslandi. Stefnt er að því að ljúka verkefninu í mars 2022.

### Margrét Ólöf Eggertsdóttir - Hreinlætisaðstaða í Ófeigsfirði

Verkefnið hlaut 330.000 kr. styrk til að endurnýja og bæta hreinlætisaðstöðu fyrir ferðamenn í Ófeigsfirði. Verkefninu er lokið og hafa tæki verið endurnýjuð og öll aðstaða fyrir ferðamenn verið bætt til muna.

### Verzlunarfjelag Árneshrepps – tækjakaup og kaffiaðstaða

Verkefnið hlaut 300.000 kr. styrk til að endurnýja frysta og húsgögn fyrir kaffiaðstöðu. Verkefninu er lokið. Keyptur var nýr frystir og kaffiaðstaða bætt.

### Háireki – SmávirkJun

Verkefnið hlaut 800.000 kr. styrk til að undirbúa smávirkJun í Ófeigsfirði. Rafmagnið verður m.a. nýtt til til dúnhreinsunar og til að kynda smáhýsi fyrir ferðamenn. Stefnt er að því að ljúka verkefninu eins og það er skilgreint í umsókn sumarið 2022.

### Urðartindur – Rafmagn á tjaldsvæði

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk til að koma upp rafmagnstenglum á tjaldsvæði og bæta með því aðstöðu fyrir ferðamenn. Verkefnið er í vinnslu en reyndist talsvert umfangsmeira en áætlað var. Sótt verður um framhaldsstyrk og stefnt að því að geta lokið því að fullu þegar þriggja fasa rafmagni verður hleypt á sveitina.

### Hótel Djúpavík – Baskasetur

Verkefnið fékk 800.000 kr. styrk úr til undirbúnings á styrk í Evrópusjóði fyrir menningar- og sögutengda sýningu. Verkefninu eins og það er skilgreint í umsókn er lokið, hönnuður verksins hefur skilað af sér grunnhönnun og frekari styrkumsóknir eru í fullum gangi.

### Jón Unnar Gunnsteinsson – Gamla sláturhúsið

Verkefnið hlaut 750.000 kr. styrk til kaupa á þakfni á gamla sláturhúsið og bæta með því ásýnd Norðurfjarðar. Þakfnið hefur verið keypt og telst þessu verkefni því lokið en þakfnið verður sett á sumarið 2022.

### Hótel Djúpavík – The Factory

Verkefnið hlaut 250.000 kr. styrk til uppsetningar á myndlistarsýningu. Verkefninu er lokið, heppnaðist mjög vel og styrkurinn er að fullu greiddur.

### Hótel Djúpavík – Kayakleiga

Verkefnið fékk 470.000 kr. frumkvæðisstyrk til hönnunar og undirbúnings á afþreyingarmöguleika fyrir ferðamenn. Verkefninu telst lokið og er að fullu greitt. Komið hefur verið upp kayakleigu í Djúpavík og keyptir kayakar til útleigu og allur helsti öryggisbúnaður.

### Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir – Jógasetur á Renniverkstæðinu

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk til undirbúnings opnunar Jógaseturs í heillandi rými í Djúpavík. Verkefninu er í fullum gangi og er unnið eftir því sem veður, færð og aðstæður leyfa. Verkefninu telst lokið með því að keyptar hafa verið þær byggingavörur sem tilgreindar voru í umsókninni. Nú hillir undir að húsnæðið sé orðið boðlegt fólki og getur þá starfsemi hafist.

### Ómar Bjarki Smáráson – Fræðasetur í Finnbogastaðaskóla

Verkefnið hlaut 500.00 kr. frumkvæðisstyrk til að þróa hugmyndir um að nýta Finnbogastaðaskóla sem fræðasetur.

### UMF Leifur heppni – Krossneslaug

Verkefnið hlaut 300.000 kr. styrk til að ljúka viðgerðum á aðstöðu við Krossneslaug. Styrkupphæðin nýttist til að ganga frá sturtuklefum. Verkefninu telst lokið og er að fullu greitt.

### Egill Steinar Kristjánsson – Tækjakaup

Umsækjandi hlaut 1.000.000 kr. styrk til að koma sér upp tækjum til búskapar, en hann og kona hans hafa nýlega flutt í Árneshrepp og hafið sauðfjárbúskap ásamt annarri vinnu. Verkefninu telst lokið og hefur verið greitt að fullu.

### UMF Leifur heppni – Söguskilti við Krossneslaug

Verkefnið hlaut 300.000 kr. styrk til að útbúa skilti við Krossneslaug sem rekja sögu sund- og baðstaðarins á staðnum. Stefnt er að því að ljúka verkefninu sumarið 2022.

### Hilmar Vilberg Gylfason og Linda Guðmundsdóttir – Víkursveit

Umsækjendur hlutu 250.000 kr. styrkvilyrði til að ljúka upptökum á lagi um Árneshrepp, en Víkursveit er fornt heiti á svæðinu. Upptökum er lokið og telst verkefninu lokið og er greitt að fullu.

### Thomas Elguezabal – Virtual Reality

Verkefnið hlaut 750.000 kr. styrk til að vinna myndefni úr Árneshreppi í sýndarveruleika. Vonir standa til þess að það nýttist í markaðssetningu svæðisins í framhaldinu og laði þannig að fleiri ferðamenn.

## Fundir

Verkefnisstjórn hélt fundi á árinu, 7.janúar, 8. mars, 7. apríl, 15. apríl, 6. ágúst, 10. ágúst og 19. nóvember, auk samráðsfundar 29. janúar og fundar með ungu fólki úr Árneshreppi 19. Janúar og fundar með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 10. maí. Verkefnisstjóri átti fund með forsætisráðherra 17. ágúst og stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál 4. október. Auk þess fundaði undirbúningshópur vegna styrkveitinga Áfram Árneshrepps tvisvar, 9. og 10. júní, en formleg úthlutun fór fram í Árneshreppi 1. júlí.

Íbúafundur var haldinn í félagsheimilinu í Trékyllisvík 11. ágúst. Nokkuð góð þátttaka var á honum og í lok fundar sköpuðust áhugaverðar og einlægar umræður um eftirköst deilna um Hvalárvirkjun.

Auk þessara funda hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða um land allt. Þeir hittust síðan allir á Sauðárkróki 12. og 13. október.

## Hugleiðingar verkefnisstjóra

Fjöldi þeirra sem eiga lögheimili í hreppnum hefur nokkurn veginn staðið í stað en þeim sem eiga þar búsetu allt árið fækkar smám saman. Þó eru nokkrir nýbúar sem kjósa að dvelja allt árið í Árneshreppi. Helst eru það fólk sem stundar fjarvinnu, og stundar jafnvel vinnu í öðrum löndum frá Árneshreppi.

Sauðfjárbúskapur er kjölfestan í heilsársbúsetu í Árneshreppi. Það þarf að auðvelda nýliðun í sauðfjárrækt. Um þessar mundir er fólk að reyna að hefja sauðfjárbúskap í hreppnum og það er augljóst að það þarf að einfalda regluverk og auka stuðning við þá sem vilja hefja búskap. Einnig mætti gera búskap fýsilegri með veiðiheimildum fyrir þá sem vilja stunda útgerð með búskapnum eins og gert hefur verið frá landnámi. Komið hafa fram ágætar hugmyndir um að gera átak í að kynna Árneshrepp betur sem hreint og sjúkdómalaust sauðfjárhérað, jafnvel gera samninga við eitt eða tvö hágæða veitingahús í Reykjavík eða erlendis um að nýta kjöt úr hreppnum með þessum formerkjum.

Ferðapjónusta í Árneshreppi hefur verið að aukast og getur aukist enn með fjölgun gistirýma og afþreyingarmöguleika. Afþreyingarmöguleikum fer fjölgandi og þjónustustig hækkar.

Möguleikar eru á því að nýta húsnæði sem stendur autt fyrir stafræna flakkara og aðra sem geta unnið störf án staðsetningar. Í þessu er fólgin fljótlegasta leiðin til að snúa fólksfækkun við. Til að þetta geti blómstrað þarf að tryggja hnökralaus netsamskipti með ljósleiðara. Fólk sem hefur valið slík störf hefur verið boðið velkomið og því standa til boða ýmis störf, t.d. aðstoð við búskap og umönnunarstörf.

Það er áriðandi að fjármagn til styrkveitinga í Brothættum byggðum sé ekki skert. Þó tel ég eðlilegt að nokkuð mið sé tekið af fjölda íbúa í viðkomandi byggðarlagi við skiptingu pottsins.

Til að verkefnið fái aukið vægi þarf það að byggðarlag sé tekið inn í Brothættar byggðir að fá einhverskonar stjórnarsýslulegan status þvert á ráðuneyti. Þannig mætti hugsa sér að ef tvö verkefni væru lögð að jöfnu hefði það verkefni forgang sem væri í Brothættum byggðum.

Hólmavík, 21. febrúar 2022

Skúli Gautason, verkefnisstjóri